

# 67. stjórnarfundur Bergrisans bs.

04.12.2023

Staðsetning: fjarfundur á Teams

Fundur hófst klukkan 13:00

**Fundinn sátu:** Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, stjórnarformaður, Ása Valdís Árnadóttir, stjórnarmaður, Anton Kári Halldórsson, stjórnarmaður og Íris Ellertsdóttir, verkefnastjóra Bergrisans bs. sem jafnframt ritaði fundargerð.

Svava Davíðsdóttir, Sigbrúður Birta Jónsdóttir og Anný Ingimarsdóttir.

Gestur á fundinum undir lið þrjú er Steinunn Erla Kolbeinsdóttir, lögmaður.

## Dagskrá

### 1. Fundargerðir Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður þjónusturáðs kynnir fundargerð þjónusturáðs númer 175a.

### 2. Beiðni um aukið stöðugildi, íbúðakjarni Vallholt 12-14

Óskað er eftir aukningu á stöðugildum um 1,15 vegna breytinga á samsetningu sértækrar þjónustu að Vallholti 12-14. Íbúar eru fimm talsins og verða stöðugildi 12,5 fáist beiðnin samþykkt. Kostnaður á ársgrundvelli vegna aukningarinnar verða kr. 10.440.000. Þjónusturáð Bergrisans hefur þegar fjallað um beiðnina og samþykkt hana fyrir sitt leyti.

Stjórn samþykkir beiðnina.

### 3. Staða samningaviðræðna við Sólheima

Steinunn Erla Kolbeinsdóttir kynnir drög að samningi við Sólheima um sértæka þjónustu sem veitt er þjónustunotendum sem búa á Sólheimum í Grímsnes- og Grafningshreppi og eru í samræmi við kröfur í lögum og reglugerðum sem í gildi eru um þjónustu við fatlað fólk og mun gilda frá og með árinu 2024.

Stjórn samþykkir samningsdrögin.

Fundi slitið klukkan 14:21

